

8. gr.

Yfirlitsskýrsla um orlofsveitingar.

Að loknu hverju orlofsári gerir menntamálaráðuneytið skýrslu um orlofsveitingar og skulu þar m. a. koma fram eftirfarandi upplýsingar um orlofsþega:

- a) Nafn, starfsaldur við kennslu og vinnustaður.
- b) Lengd orlofs.
- c) Áður fengið orlof.
- d) Hvar og hvernig orlofinu var háttað.
- e) Tölulegar upplýsingar um heildarfjárveitingu til orlofs og styrkja, svo og fjöldi orlofsumsóknna á orlofsárinu.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um sérstakt línusvæði út af Melrakkasléttu.**

1. gr.

Á tímabilinu 20. nóvember 1984 til 31. janúar 1985 eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Melrakkasléttu, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|--------------|-----------|
| a. 66°59'6 N | 15°53'5 V |
| b. 67°06'8 N | 15°50'5 V |
| c. 67°00'4 N | 15°37'5 V |
| d. 67°07'4 N | 15°34'0 V |

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. nóvember 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.